

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa D-lista
Málsnúmer 2006052

11.12.2020

Óskað er eftir að fá:

Kostnaðinn við sparnaðartillögurnar vegna nýja skólans, þ.e. hönnunarkostnað og slíka vinnu tengda breytingum sem var verið að gera til að spara í byggingarkostnaði.

Á fundi 10.03.2020 með hönnuðum og verkefnastjóra verkefnisins varðandi eftirfarandi mál:

- d. Fundur haldinn með hönnuðum þriðjudag 10. mars. Eiríkur og Ragnar frá Verkís ásamt Arinbirni, Kára frá Eflu ásamt faghönnuðum tæknikerfa:
 - i. Forsendur kostnaðaráætlunar útboðsgagna fyrir hönnun og kostnaðaráætlun frumhönnunar var til umræðu og borin saman.
 - ii. Ákveðið á þeim fundi að hönnuðir uppfæri kostnaðaráætlun og sendi uppfærða frumskýrslu.
 - iii. Ákveðið einnig að hönnuðir stilli upp mögulegum sparnaðarkostum og geri grófa áætlun á sparnaði.
 - iv. Hönnuðir senda föstudaginn 13. mars teikningar og minnisblað sem lýsa sparnaðarleiðum og minnisblað varðandi sparnað og afleiddan kostnað. Hönnuðir senda uppfærða frumskýrslu með uppfærðri kostnaðaráætlun sunnudaginn 15. mars. Þessir þættir eru til umræðu og kynningar á fundi byggingarnefndar með hönnuðum mánudag 16.3.2020.

Minnisblað þetta er svo kynnt á 24.fundi bygginganefndar 16.03.2020 og umræður um sparnaðartillögur ræddar áfram á 25.fundi bygginganefndar þann 19.03.2020 – bæði þessi minnisblöð eru vistuð undir málsnúmerinu 2006052. Einnig eru fundargerðir bygginganefndar vistaðar undir málsnúmerinu 1708133

BS-A-20200313-forhönnun-sparnaðarleiðir-minnisblað
BS-A-forhönnun-minnkunarkostir- teikningar
5311-063-MIN-002-V01-Sparnaðartillögur

Kostnaður við gerð þessara minnisblaða er ekki komin fram hjá hönnuðum enda um aukaverk að ræða og mun uppgjör fara fram fljótlega og þá munu þær tölur liggja fyrir.